

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1909.

*Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 7. desember 1909 (A nr. 65, bls. 318—319).*

### **Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.**

**1**

9. febr.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá verzlunarfulltrúa Carl Olsen, um að honum verði leyft að flytja hér í land hund, sem hann hafði með sér á gufuskipinu »Sterling«, sem kom hingað í gær. Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
- 2) að hundinum sé haldið í sóttkví (svo að hann komi ekki saman við aðra hunda) undir umsjón dýralæknis í 8 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum verzlunarfulltrúa hefir verið tilkynnt leyfi þetta héðan.

### **Bréf stjórnarráðsins til biskups um afhending Garpsdalskirkju í hendur söfnuðinum.**

**2**

18. febr.

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 8. þ. m., og samkvæmt tillögum yðar, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess, að greiða megi úr Kirkjujarðasjóði 1200 kr. álag á Garpsdalskirkju gegn því að sóknarnefndin taki